

Sjávarborðsrannsóknir. Sjávarborðsmælingar frá Reykjavík, Ólafsvík, Skagaströnd og Patrekshöfn – Mars 2017 (útgáfa A). Guðjón Scheving Tryggvason.

Með verkefninu „Sjávarborðsrannsóknir“ er gert átak til að safna saman og vinna úr sjávarfallamælingum í höfnum landsins. Í þessari skýrslu er fjallað um mælingar frá fjórum höfnum, Reykjavík, Ólafsvík, Skagaströnd og Patreksfirði.

Í skýrslunni er fyrir hverja höfn gerð grein fyrir söfnun gagna, sögu mælinga, fjallað um kvarðanir og viðhald mæla og greint frá helstu niðurstöðum athugananna.

Fram kemur að söfnun og yfirferð gagna hafi verið mikið umfangsmeiri en gert var ráð fyrir, m.a. vegna eyða í mælingum sem tengjast gagnaflutningum frá þeim, en einnig vegna skorts á kvörðunum og hversu mælunum er gjarnt á að bila.

Af helstu niðurstöðum fyrir hverja höfn, má nefna að í Reykjavík eru til gögn frá árunum 1956 til 2017 og eru það einu langtíma sjávarborðsmælingar á Íslandi. Sjávarborðshækkun miðað við land er  $2,4 \pm 0,2$  mm á ári í Reykjavík. Í Ólafsvík eru einungis til nothæf og trúleg gögn frá árunum 2008 til 2017. Mælingarnar gefa til kynna  $5 \pm 2$  mm afstæða sjávarborðshækkun á ári, en bent er á að óvarlegt er að draga ályktanir út frá mælingum sem ná ekki yfir lengra tímabil. Á Skagaströnd eru til nothæf gögn frá 2003 til 2017, en þau eru götött á fyrri hluta tímabilsins. Gögnin frá Skagaströnd benda til þess að land hafi hækkað miðað við sjó sem nemur allt að  $3,4 \pm 1,3$  mm á ári. Í Patrekshöfn eru til gögn frá árunum 1994 til 2011 en þau eru götött frá 2003 til 2011. Mælingarnar benda til sjávarborðshækkunar um allt að 4 mm á ári.

Nákvæmar sjávarborðsmælingar eru nauðsynlegar til að geta fylgst með breytingum á afstöðu lands og sjávar sem geta bæði verið vegna hnattrænnar hlýnunar og jarðskorpuhreyfinga. Niðurstaða þessa átaks í úrvinnslu sjávarborðsmælinga sýnir að nauðsynlegt er að gera mikla bragarbót á fyrirkomulagi þessara mælinga.